
Allt að 700 tonna eldi á þorski og regnbogasilungi á vegum Hábrúnar í Skutulsfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 23. janúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hábrún ehf. um fyrirhugað allt að 700 tonna þorsk- og regnbogasilungselði í Skutulsfirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Þorsk- og silungselði Hábrúnar í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu, á allt að 700 tonna ársframleiðslu af þorski og regnbogasilungi í sjókvíum. Unnið af RORUM fyrir Hábrún, 22. janúar 2018.

Umsagnir bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með bréfum dags. 12., 16. og 26. febrúar 2018
- Fiskistofu með bréfi dags. 12. mars 2018
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 1. mars 2018
- Matvælastofnun með bréfi dags. 14. febrúar 2018
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 14. febrúar 2018
- Samgöngustofu með bréfi dags. 20. febrúar 2018
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. febrúar 2018

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 12., 13. og 19. mars og með svörum Hábrúnar bárust upplýsingar frá hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar dags. 5. og 10. mars 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga málsins

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Hábrún ehf., (áður Álfsfell ehf., Glaður ehf. og Sjávareldi ehf.) hafi stundað eldi á þorski og regnbogasilungi í sjókvíum í Skutulsfirði síðan 2002 og hafi ársframleiðsla verið innan við 400 tonn á ári.

Fyrir hendi er starfsleyfi til handa Glaði ehf. frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða frá 30. desember 2008 (sem Hábrún ehf. er nú handhafi að) fyrir fiskeldi í sjó, ótilgreint magn og tegund. Leyfið gildir til 30. desember 2020. Jafnframt liggur fyrir starfsleyfi til handa Sjávareldi ehf. frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða frá 2. desember 2011 (sem Hábrún ehf. er nú handhafi að) fyrir 200 tonna ársframleiðslu af þorski og gildir leyfið til 2. desember 2023.



Einnig liggur fyrir rekstrarleyfi Matvælastofnunar til handa Hábrún ehf. fyrir 200 tonna ársframleiðslu af þorski í Skutulsfirði sem upphaflega var gefið út til Glaðs ehf. þann 5. desember 2011 og endurútféið á Hábrún ehf. 27. maí 2016 og gildir til 6. október 2019.

Þá er Hábrún ehf. handhafi rekstrarleyfis Fiskistofu til handa Sjávareldi ehf., en upphaflega til Álfsfells ehf., fyrir 200 tonna ársframleiðslu af þorski, laxi og silungi í sjókvíum í Skutulsfirði. Leyfið til Sjávareldis ehf. er gefið út 23. apríl 2012 og gildir til 6. desember 2021.

Þann 22. desember 2009 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að stækkun á eldi Álfsfells ehf. úr allt að 200 tonna ársframleiðslu í allt að 900 tonn af þorski í Skutulsfirði skyldi háð umhverfismati. Sú framkvæmd var fyrirhuguð á sama stað og sú framkvæmd sem nú er áformuð. Umhverfisráðherra staðfesti niðurstöðu Skipulagsstofnunar með úrskurði sínum 16. janúar 2011 og var þar sérstaklega vísað til þess að vísbendingar væru um að þáverandi eldisstarfsemi Álfsfells ehf. í Skutulsfirði hefði haft neikvæð áhrif á botndýralíf, grunnupplýsingar skorti, m.a. um lífríki svæðisins, áhrif á dýralíf og vistkerfi, burðarþol svæðisins, og skilgreiningu á svæðinu sem viðtaka. Þá væru takmarkanir á möguleikum á að færa til sjókvíar og tilvist þröskulds í Skutulsfirði gæfi vísbendingar um að hugsanlega gætu verið lítil vatnsskipti á sjávarbotni.


Skipulagsstofnun bendir einnig á að til grundvallar niðurstöðu umhverfisráðherra árið 2011 um að fiskeldi Álfsfells ehf. skyldi háð mati á umhverfisáhrifum var að ekki hafi legið fyrir upplýsingar um sammögnunaráhrif framkvæmdarinnar með öðru fiskeldi og annarri atvinnustarfsemi á svæðinu.

Þann 24. október 2017 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að stækkun á eldi Hábrúnar ehf. úr allt að 400 tonna ársframleiðslu í allt að 1000 tonna eldi á ári af þorski og silungi í Skutulsfirði skyldi háð umhverfismati. Sú framkvæmd var fyrirhuguð á sama stað og sú framkvæmd sem nú er áformuð. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggði m.a. á að framlögð gögn Hábrúnar hafi ekki svarað þeim álitafnum sem leiddu til þess að áformað þorskeldi Álfsfells var úrskurðað mats skylt af umhverfisráðherra árið 2011, sbr. þær athugasemdir sem Hafrannsóknastofnun hafði gert við málið árið 2017. Enn hafi verið ósvarað spurningum um áhrif áformaðs fiskeldis á lífríki svæðisins. Þá hafi mátt ráða af framlögðum gögnum að áformuð aukning í 1.000 tonna framleiðslu hafi falið í sér stækkun eldissvæðisins, bæði þegar horft hafi verið til staðsetningar núverandi kvía fyrirtækisins og til þeirra svæða sem rekstrarleyfi Hábrúnar taka til (þ.e. annarsvegar leyfi upphaflega veitt til Glaðs ehf. og hinsvegar leyfi Sjávareldis ehf., upphaflega veitt til Álfsfells ehf.). Í ljósi þess að svigrúm á umfangi eldissvæða er takmarkað vegna stærðar Skutulsfjarðar og talsverð skipaumferð er um fjörðinn taldi Skipulagsstofnun stækkun eldissvæðisins kalla á nánari skoðun á samspili þess og mögulegri víxlverkan við aðra nýtingu í firðinum, sbr. ábendingar í umsögn Hafrannsóknastofnunar.


Framkvæmd nú til ákvörðunar

Hábrún ehf. tilkynnir nú í þriðja sinn eldisáform til ákvörðunar um mats skyldu þar sem dregið er úr umfangi eldisins og tegundasamsetningu breytt miðað við fyrri áform og gerð er betur grein fyrir stærð eldissvæðisins. Fyrirhuguð áform fela í sér framleiðslu á allt að 700 tonnum af þorski og regnbogasilungi og er miðað við að lífmassi regnbogasilungs fari aldrei yfir 650 tonn og lífmassi þorsks verði aldrei meiri en 50 tonn.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila virðist framleiðslan hafa verið innan við heimildir samkvæmt gildandi starfs- og rekstrarleyfum, sem eru upp á 400 tonna framleiðslu um nokkurt skeið. Þannig segir í gögnunum að í byrjun árs 2017 hafi Hábrún verið með 72 tonn af regnbogasilungi og 10 tonn af þorski í 13 sjókvíum, 10 með regnbogasilungi og þremur með þorski, og hafi kvíarnar verið staðsettar um 800 m frá landi milli Eyrar og Hnífsdals. Meðaldýpi undir kvíunum sé 22 m. Mesta botndýpi í Skutulsfirði á milli Arnarness og Eyrar sé um 30 m en við mynni fjarðarins sé dýpið um 17 m. Utan við mynni Skutulsfjarðar dýpki fljótt niður í 100 m.



Núverandi svæði samkvæmt leyfum Heilbrigðiseftirlits Vestfirðna og rekstrarleyfum frá Fiskistofu (bláir og rauðir fletir) ásamt fyrirhuguðu eldissvæði (brotalína) (mynd frá framkvæmdaraðila).



Fyrirhugað eldissvæði Hábrúna í Skutulsfirði. Áætlað er að svæðinu verði skipt upp í þrjú hólf og verði eitt þeirra ávallt í hvíld (mynd frá framkvæmdaraðila).

4 UMHVERFISÁHRIF

Botndýralíf, uppsöfnun úrgangsefna og vöktun

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að athuganir hafi verið gerðar á botndýralífi við sjókvíar Hábrúna í Skutulsfirði vorið 2008. Undir kvíunum hafi verið þunnt leðjulag á þéttara undirlagi. Botndýrafánan hafi endurspeglað þetta hvað varðar burstaorma og skeljar og hafi samsetningunni svipað til fánu nærliggjandi fjarða þótt að tegundir sérstakar fyrir gljúpan botn eins og kolkuskel hafi vantað.

Jafnframt kemur fram að framkvæmdaraðili telji að áhrif á botndýralíf vegna uppsöfnunar úrgangs frá sjókvíum takmarkist að mestu við næsta nágrenni kvíanna og líklega sé nægilegt að færa kvíarnar um 50-200 m. Miðað sé við að skipta eldissvæði Hábrúna upp í þrjú hólf þar sem eitt verði



ávallt í hvíld í eitt ár í senn. Með því telur framkvæmdaraðili að áhrifin verði afturkræf. Hábrún hyggist færa kvíar innan eldissvæðanna eða flytja fiskinn yfir í aðrar kvíar til að hvíla svæði með tilliti til uppsöfnunar úrgangsefna.

Í framlögðum gögnum kemur einnig fram að með breyttri tegundasamsetningu eldisins, þar sem dregið sé úr magni þorsks og hlutfalls silungs sé aukið, breytist fóðurstuðullinn og þar með fóðurnotkun eldisins. Við þetta minnkar til muna lífrænn úrgangur sem til fellur við eldið bæði í föstu og uppleystu formi kolefnis, niturs og fosfórs.

Fram kemur í framlögðum gögnum Hábrúnar að framkvæmdaraðili telur að áhrif af lífrænu botnfalli séu horfin í 1 km fjarlægð frá kvíaeldi, samanber nýja rannsókn í Berufirði¹ og áhrif fiskeldis á vistkerfi botnsins því mjög staðbundin. Jafnframt byggjast aftur upp fjölbreytt botndýrasamfélög þegar fiskeldi sé hætt.

Fram kemur í framlögðum gögnum um dreifingu næringarefna og hugsanleg áhrif á botndýralíf að dreifistraumur sé norðaustur-suðvestur fjörðinn og meginstraumur út fjörðinn og sé dreifing næringarefna mest samhliða straumnum. Hvað varðar magn og dreifingu næringarefna þá kemur fram að Hábrún sé með eina fiskeldið í Skutulsfirði, og því ekki um álag frá öðru kvíaeldi að ræða á svæðinu. Burðarþol Hafrannsóknarstofnunar fyrir Ísafjarðardjúp sé 30.000 tonn.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að upplýsingar um spár um hugsanlega dreifingu næringarefna og hugsanleg áhrif á vistkerfi svæðisins séu ekki fullnægjandi í gögnum framkvæmdaraðila. Samkvæmt framlögðum gögnum stefni rekstaraðili á kynslóðaskipt eldi og hvíld svæða, en að mati Umhverfisstofnunar sé í raun verið að vinna út frá einu eldissvæði sem séu rúmir 2 km að lengd og rúmur 0,5 km að breidd. Að mati Umhverfisstofnunar felast helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í áhrifum á botndýralíf og getu Skutulsfjarðar til að taka við auknu lífrænu álagi.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að eldissvæðið verði frekar þröngt fyrir skiptieldi þrátt fyrir stækkun svæðisins og minnkun á eldismagni miðað við fyrri áform og því sennilegt að eldissjúkdómar, lúsasmit og fleira geti átt auðveldara uppdráttar en þar sem lengra er á milli eldissvæða. Vísað sé til þess að framkvæmdaraðili hafi bent á að færa megi kvíarnar komið til mikillar upphleðslu saur- og fóðurleifa undir þeim eða annarra ástæðna t.d. lúsasmits. Ekki sé talið augljóst, að mati stofnunarinnar að þessar ráðstafanir dugi, einkum er litið sé til lúsasmits eða sjúkdóma, en hugsanlega að einhverju leyti varðandi upphleðslu saur- og fóðurleifa.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað til rannsókna um að upphleðsla lífrænna leifa undir sjókvíaeldi í íslenskum fjörðum afmarkist við lítið svæði undir kvíunum² og hafi verið áætlað að á eldissvæði Hábrúnar dreifist leifar ekki meira en u.þ.b. 5 metra frá kvíum í dreifistraumsáttir svæðisins. Athuganir hafi verið gerðar á botndýralífi vorið 2008 við sjókvíar Hábrúnar og hafi botndýrafánan endurspeglað undirlag botnngerðarinnar og svæðinu svipað til fínu nærliggjandi fjarða. Vísar framkvæmdaraðili til rannsókna frá Berufirði sem hafi sýnt hve staðbundin áhrif eldisins séu og hve hratt fjölbreytt botndýrsamfélög byggist upp þegar fiskeldi sé hætt. Heildaráhrif á vistkerfi svæðisins, að mati framkvæmdaraðila, séu því tímabundin og afturkræf og upphleðsla lífrænna leifa á svæðinu vaktaðar eftir ISO 12878 staðli³ til þess að meta þessi áhrif og lágmarka áhrif með innbirgis færslu eldiskvía.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að gera þurfi grein fyrir því hvar eigi að ala þorskinn með hliðsjón af kynslóðaskiptu eldi á regnbogasilungi og m.t.t. hvíldar eldissvæða. Einnig sé vakin athygli

¹ Thorleifur Eiríksson o.fl. 2017, *Estimate of organic load from aquaculture – a way to increased sustainability*. Rorum, IRIS AS, University of Iceland and Ice Fish Farm.

² Allison, Axel. 2012. *Organic accumulation under Salmon aquaculture cages in Fossfjörður, Iceland*. University of Akureyri, Faculty of Business and Science, University Centre of the Westfjord.

³ *Environmental monitoring of the impacts from marine finfish farms on soft bottom*.



á því að stofnunin gefur ekki út leyfi fyrir því að kvíar séu færðar út fyrir leyfileg eldissvæði sem tilgreind eru í rekstrarleyfi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að þorskur sé eingöngu til áframeldis og sé meira hugsaður sem í geymslu á eldissvæðinu í stuttan tíma og sé eingöngu í lágmarksfóðrun (fóðurstuðull 1,2) og er svo slátrað eftir markaðsaðstæðum. Eldiskvíar sem geyma þorsk verði staðsettar meðal annarra kvía sem séu í notkun.

Samlegðaráhrif

Fyrir liggja ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsáætlanir frá því í júní 2017 vegna fiskeldis tveggja aðila í nágrenni þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Annarsvegar er þar um að ræða áform Arctic Sea Farm um 7.600 tonna framleiðsluaukningu á laxi í Ísafjarðardjúpi, en eitt af áformuðum eldissvæðum Arctic Sea Farm er við Arnarnes í mynni Skutulsfjarðar. Hinsvegar er þar um að ræða áform Arnarlax um eldi á 10.000 tonnum af laxi í Ísafjarðardjúpi, en eitt af áformuðum eldissvæðum Arnarlax er við Óshlíð utan við Skutulsfjörð. Eins og áður sagði eru engin önnur fyrirtæki í Skutulsfirði, utan Hábrúnar, og óljóst um afdrif þeirra áforma þar sem leggst gegn eldi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi í samræmi við áhættumat Hafrannsóknastofnunar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að frárennsli frá Ísafjarðarbæ (byggð og atvinnurekstri) valdi samlegðaráhrifum varðandi álag á viðtakann í Skutulsfirði. Sömuleiðis sé rétt að benda á að tíðar komur stórra skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar á sumrin, með fleiri þúsund manns innanborð í hverju skipi, geti valdið samlegðaráhrifum þar sem ekki ljóst hvort slík skip losi skólp í Skutulsfjörð, sem myndi auka álag á viðtakann.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað í skýrslu sem greinir frá því að meginhluti frárennslis frá Ísafjarðarbæ fari út í Pollinn og út strauminn austanvert í Skutulsfirði. Einnig fari frárennsli í sjó fyrir utan Eyri og fer það einnig í strauminn út austanverðan Skutulsfjörð þar sem frárennslið þynnist fljótt (Birgir Tómas Arnar & Vigfús Arnar Jósefsson 2017)⁴. Sammögnunin, að mati framkvæmdaraðila, sé þar með lítil sem engin. Einnig hafi í yfirlýsingu frá hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar verið greint frá því að skemmtiferðaskip hafi ekki losað skólp í Skutulsfjörð enda er það bannað samkvæmt lögum um verndun hafs og stranda nr. 33/2004.

Siglingaleiðir

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að skipaumferð fari aðallega inn og út með austurströnd Skutulsfjarðar, en sjókvíarnar hafa verið við vesturströndina allar götur frá árinu 2002. Eldið sé þannig utan siglingaleiða og vel merkt. Ekki hafi komið upp vandamál tengdum sjókvíum vegna siglinga skipa eða legu skipa á firðinum eða hafi kvíarnar haft áhrif á aðrar nytjar í Skutulsfirði.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að siglingar stórra skipa hafi aukist til Ísafjarðarhafnar og auk þess muni laxeldi út af Arnarnesi, ef af verður, þrengja að siglingum til hafnar. Þetta muni auka hættu á að skipum verði siglt á kvíar og valdi skemmdum á kvíabúnaði og slyasleppingum í kjölfarið.

Í umsögn Samgöngustofu kemur fram að mikilvægt sé að þess sé gætt að staðsetning eldissvæða valdi ekki truflun á siglingum. Ekki þykir ljóst af lestri tilkynningarinnar að staðsetning eldisvæðanna feli ekki í sér farartálma, sbr. 10 gr. laga um vitamál. Telur Samgöngustofa brýnt að leitað sé álits heimamanna, sem reglulega sigla um svæðið, áður en staðsetning skv. áætluninni er heimiluð.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að eldissvæðið sé utan siglingaleiða og hafi ekki áhrif á siglingar skipa, legu skemmtiferðaskipa né aðrar sjávarnytjar á svæðinu. Í framhaldi af umsögn skipulagsnefndar Ísafjarðarbæjar hafi hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar staðfest í bréfi að innsiglingalína

⁴ Birgir Tómas Arnar & Vigfús Arnar Jósefsson 2017. Fráveita Ísafjarðarbæjar. Úttekt. Unnið fyrir Ísafjarðarbæ. Verkis.



inn Skutulsfjörð sé 211°, siglt inn í merkjum í Naustum á Kirkjubólshlíð og innsiglingaleiðin sé töluvert austan við það svæði sem úthlutað hafi verið undir fiskeldi. Hafnaryfirvöld á Ísafirði hafi ekki gert athugasemdir við að eldiskvíar Hábrúnar verði áfram á því svæði sem úthlutað hafi verið.

Straumar

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að straumur hafi verið mældur í Skutulsfirði í janúar og febrúar 2010 (í alls 29 sólarhringa), og júní og júlí 2017 (í alls 30 sólarhringa) og hafi niðurstöður þeirra mælinga verið í samræmi við punktmælingar sem gerðar hafi verið vorið 2008. Mælingar hafi sýnt meðalstraum upp á 5,1 cm/sek. Megin dreifistraumur sé norðaustur-suðvestur fjörðinn og meginstraumurinn út fjörðinn.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að niðurstöður er á svipuðum nótum og í mælingum sem gerðar voru í febrúar 2010 en þá mældist meðalstraumur 5,1 cm/sek yfir tæplega mánaðar tímabil.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili hafi stuttlega minnst á dreifistraum í greinargerð í tengslum við dreifingu næringarefna. Ekki hafi hins vegar verið gefin nein framsetning á flutningsvegalengd lífrænna efna né sýnt fram á að lífrænar leifar úr eldiskvíum í notkun muni ekki hafa áhrif á nærliggjandi hafsbötn undir kví sem er í hvíld, þar sem allar kvíar séu innan sama eldissvæðis.

Í svari framkvæmdaraðila sé dreifistraumur norðaustur-suðvestur fjörðinn og meginstraumurinn út fjörðinn. Næringarefni dreifast mest í þessar áttir eftir föllum, en vatnsmassinn sé einnig á hreyfingu út fjörðinn. Næringarefni í vatnsfasa dreifist með straumnum, en jafnframt til hliðanna og þá verður þynning og styrkur næringarefna minnkar.

Hiti

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að sjávarhiti sé einn af lykilþáttum sem hafa áhrif á fiskeldi og séu aðstæður á Vestfjörðum ekki kjörnar til fiskeldis hvað það varðar, en hitinn geti farið niður fyrir 0°C yfir vetrarmánuðina, þótt það hafi ekki gerst síðastliðin ár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að hiti hafi verið mjög lágur á veturna á svæðinu, iðulega niður fyrir 1°C og jafnvel niður undir 0°C 2004-2016 og jafnvel niður fyrir -1°C 1998-2003. Svo lágur hiti geti hæglega valdið erfiðleikum í fyrirhuguðu eldi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé ástæða að gera lítið úr áhrifum hitastiga í fiskeldi en hægt sé að benda á að fiskeldi hafi verið á svæðinu í áratugi án þess að hafa orðið fyrir tjóni vegna hitastigs.

Dýra- og þörungalíf

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fiskeldi geti orðið fyrir áhrifum af dýrum eins og selum, fuglum og marglyttum. Starfsemi Hábrúnar hafi hins vegar ekki orðið fyrir neinum áföllum vegna dýralífs í hafinu.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er haldið fram að lítið sé gert úr vandamálum sem kunnir að skapast vegna ýmissa áhrifaþátta t.d. marglytta, sela og svífþörungum. Marglyttur og svífþörungablómar muni valda tímabundnum vandræðum fyrr en seinna og betra að vera viðbúinn slíkum atburðum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að greint hafi verið frá þessum áhættuþáttum í tilkynningunni. Aðallega hafi orðið vart við litlar bláhveljur sem ekki hafi valdið neinum vandkvæðum. Ekki hafi heldur hlotist vandræði vegna þörungablóma. Framkvæmdaraðili sé meðvitaður um að viðkomandi þættir geti valdið vandræðum og gert sé ráð fyrir því, ef þörf krefur, að flytja kvíar eða grípa til neyðarslátrunar.



Laxalús og sjúkdómar

Fram kemur í framlögðum gögnum að framkvæmdaraðili telji að smithætta sé mest frá villtum fiski í eldisfisk. Hvorki hafi orðið vart við laxalús og fiskilús, né hafi komið upp smitsjúkdómar í eldinu í Skutulsfirði. Nýrnaveiki og sveppasýkingar smitist helst í ferskvatni og hér á landi hefur laxalús fundist í undantekningartilfellum í eldi. Rannsóknir á Vestfjörðum hafa leitt í ljós að talsvert sé um laxalús í villtum sjóbirtingi og sjóbleikju, hvort sem um er að ræða svæði sem eru í nálægð við laxeldi eða önnur svæði sem séu ekki í nálægð við fiskeldi.⁵ Fram kemur að laxalús hafi fundist í sjókvíaeldi á Vestfjörðum þótt það hafi verið í litlu magni. Næstu ár við kvíarnar séu Tungná og Hnífsdalsá sem séu fyrst og fremst bleikjuár, en bleikja hafi mun minni smittíðni en meðal annarra laxfiska og því megi búast við að mun minna sé af lirlfum laxa- og fiskilúsa í firðinum.

Í umsögn Fiskistofu er nefnt að með auknum fjölda fiska og meiri samþjöppun aukist hætta á sjúkdómum og sníkjudýrum því samhliða. Jafnframt segir að kynslóðaskipt eldi minnki líkur á því að laxalús verði vandamál í eldinu. Fiskistofa telur miðað við gefnar forsendur að ekki sé nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að fljótt á litið virðist eldissvæðið frekar þröngt fyrir skiptiöldi og sennilegt að eldissjúkdómar, lúsasmit og fleira get átt auðveldara uppdráttar en þar sem lengra sé á milli eldissvæða. Sú góða staða sjúkdómsmála sem hér hefur verið og framkvæmdaraðili talar um sé að öllum getur að hluta stafað að því hversu eldi í sjókvíum við Ísland hefur í raun verið lítið til þessa. Með þéttara eldi eykst hættan á lúsafaraldri og mælir Hafrannsóknastofnun mjög á móti því að lyf, eins og lúsalyfið Alphamax, verði notuð í fjörðum vegna mögulegra áhrifa á krabbadýr sem og nytjastofna í Ísafjarðardjúpi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að seiði Hábrúnar verði bólusett fyrir bakteríusjúkdóminum vetrarsárum, en veirusjúkdómar hafi ekki verið greindir hérlendis en eru vandamál í Noregi og víðar. Hábrún hyggst hafa lítinn þéttleika af fiski í kvíum sérstaklega yfir fyrsta vetur í sjó en síðan eykst þéttleikinn yfir sumarið og þar til að byrjað verði að slátra næsta vetur. Það hafi verið reynt í eldi á regnbogasilungi við Austfirði að þegar þéttleiki var mikill voru afföll mun meiri. Framkvæmdaraðili horfi til færslu kvía og neyðarslátrunar, komi upp lúsasmit.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð framkvæmd er utan netlaga og því utan skipulagslögsögu Ísafjarðarbæjar.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi.

Um fyrirliggjandi leyfi til núverandi starfsemi Hábrúnar í Skutulsfirði er fjallað í 3. kafla að framan.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aukningu á þorsk- og regnbogasilungselði Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði í allt að 700 tonna ársframleiðslu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1.11 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

⁵ Eva Dögg Jóhannesdóttir og Jón Örn Pálsson 2016. *Assessment of Salmon Lice infestation on Wild Salmonids in four fjord in Westfjords*. RORUM 2016 003.



Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun, mengun, slyshættu og staðsetningar framkvæmdar út frá því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 1. og 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur að aukning á eldi á þorski úr allt að 200 tonnum á ári í allt að 900 tonn á ári á sama stað var úrskurðuð matsskyld með úrskurði umhverfisráðherra frá 16. janúar 2011. Mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar hefur ekki farið fram. Sú framkvæmd var áformuð af Álfsvelli ehf, en Hábrún ehf. er nú handhafi þeirra leyfa sem Álfsvell ehf. hafði þá.

Einnig liggur fyrir aukning á eldi á þorski og silungi úr allt að 400 tonnum á ári í allt að 1.000 tonn á ári á sama stað var ákvörðuð matsskyld að hálfu Skipulagsstofnunar þann 24. október 2017. Mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar hefur ekki farið fram. Sú framkvæmd var áformuð af Hábrún ehf. sem er nú handhafi þeirra leyfa sem Álfsvell ehf hafði þá.

Eðli þeirrar framkvæmdar sem nú liggur fyrir til ákvörðunar til matsskyldu er að inntaki það sama og frá síðustu tilkynningu Hábrúnar, sem var ákvörðuð matsskyld. Breytingin frá fyrri tilkynningum er að dregið hefur verið úr stærð og umfangi framkvæmdar og samhliða settar fram með skýrari hætti þau atriði sem þurfti meiri skýringa við og snéru að lífrænu álagi og slyshættu í samhengi við siglingaleiðir í grennd við eldissvæðið.

Áform Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði fela í sér aukningu á umfangi framleiðslu frá núgildandi starfsleyfi um 300 tonn, en því samhliða er hlutföllum milli þorsks og silung í eldi breytt sem leiðir af sér að fódurstuðull lækkar og fódurnýting eykst því samhliða. Þar með dregur úr lífrænu álagi sem fylgir úrgangsmýndun og uppsöfnun næringarefna undir kvíunum sem til er komin vegna fódurgjafar.

Hvað varðar sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum, þá er Hábrún eina fyrirtækið sem starfrækir sjókvíaeldi í Skutulsfirði, en fyrir liggja ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsáætlanir frá því í júní 2017 vegna fiskeldis tveggja aðila í nágrenni þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Annarsvegar er þar um að ræða áform Arctic Sea Farm um 7.600 tona framleiðsluaukningu á laxi í Ísafjarðardjúpi, en eitt af áformuðum eldissvæðum Arctic Sea Farm er við Arnarnes í mynni Skutulsfjarðar. Hins vegar er þar um að ræða áform Arnarlax um eldi á 10.000 tonnum af laxi í Ísafjarðardjúpi, en eitt af áformuðum eldissvæðum Arnarlax er við Óshlíð utan við Skutulsfjörð. Eins og staðan er í dag er óvissa um afdrif fyrrnefndra áforma og þar með sammögnunaráhrif með þeim í kjölfar áhættumats Hafrannsóknastofnunar frá júlí 2017, sem kom út eftir að ákvarðanir um matsáætlanirnar ofangreinda áforma voru teknar. Þar leggur Hafrannsóknastofnun til að ekki verði leyft eldi á frjóum eldislaxi Ísafjarðardjúpi vegna mikilla neikvæðra áhrifa á náttúrulega laxastofna í Djúpinu.

Í fyrri ákvörðunum Skipulagsstofnunar var það mat stofnunarinnar að stækkun eldissvæðisins kallaði eftir nánari skoðun með tilvísun í hugsanlegra árekstra vegna nýtinga í firðinum og aukinnar skipaumferðar. Í innsendri matsskyldufyrirspurn er tekið á þessu og vísað til umsagnar Samgöngustofu þar sem kemur fram að mikilvægt sé að þess sé gætt að staðsetning eldissvæða valdi ekki truflun á siglingum. Þar telur Samgöngustofa brýnt að leitað sé álits heimamanna, sem reglulega sigla um svæðið, áður en staðsetning skv. áætluninni sé heimiluð. Í framhaldi af umsögn skipulagsnefndar Ísafjarðarbæjar hafi hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar staðfest í bréfi að innsiglingalína inn Skutulsfjörð sé 211° siglt inn í merkjum í Naustum á Kirkjubólshlíð og sé töluvert austan við það svæði sem úthlutað hafi verið undir fiskeldi. Af þessum sökum hafi hafnaryfirvöld á Ísafirði ekki gert athugasemdir við að eldiskvíar Hábrúnar verði áfram á því svæði sem úthlutað hafi verið.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér að ofan einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar kunna að felast í áhrifum á botndýralíf þar sem hvíld svæða verður ekki líkt og best verði á kosið vegna nálægðar eldissvæðanna hvert við annað og þ.a.l. getu Skutulsfjarðar til að taka við auknu lífrænu álagi. Þó svo að um þrjú eldissvæði sé að ræða er nálægð þeirra það mikil að áhrifa kunna að gæta þeirra á milli. Þetta á helst við hættuna á smiti á milli eldissvæða, þar sem öll þrjú eldissvæðin eru skilgreind sem eitt sjúkdómsvarnarsvæði, en síður við uppsöfnun lífrænna úrgangsefna. Úrgangsmýndun mun ávallt fylgja sjókvíaeldi og ekki er tekist á um það, heldur spurninguna um getu viðkomandi svæðis til þess að hreinsa sig með náttúrulegum hætti og getu viðtakans til þess að takast á við það lífræna álag sem eldinu fylgir. Geta svæðisins til að takast á við lífrænt álag er að hluta undir dreifistraumi Skutulsfjarðar komin. Áhrif eldisins á vistkerfi botnsins er álitid mjög staðbundið og ráðgerðar færslur eldiskvíá innan eldissvæðisins munu létta á staðbundnu álagi sem kvíunum fylgir. Heildaráhrif á vistkerfi svæðisins utan kvíasvæðisins ætti að vera óveruleg.

Skipulagsstofnun telur líklegt í ljósi framlagðra gagna að áhrif á botndýralíf séu tímabundin og að mestu afturkræf, en það verði að sannreyna með vöktun. Með vöktun ætti að fást niðurstaða til þess að meta raunverulegt lífrænt álag eldisins og getu svæðisins til þess að takast á við það. Reynist álagið of mikið verður að grípa til aðgerða í gegnum leyfisveitingar, en óraunhæft er að sannreyna lífrænt álag og uppsöfnun næringarefna með öðrum hætti.

Skipulagsstofnun telur að í framlögðum gögnum Hábrúnar hafi verið brugðist við þeim álitaefnum sem leiddu til þess að áformað 900 tonna þorskeldi Álfsfells var úrskurðað matsskyld af umhverfisráðherra árið 2011 og ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2017 þar sem áform Hábrúnar um 1.000 tonna eldi þorsks og silungs skyldi matsskyld.

Út frá stærð og umfangi framkvæmdarinnar og sammögnun sem og staðsetningu og eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð framkvæmd þurfi ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 14. maí 2018.

Reykjavík, 11. apríl 2018


Jakob Gunnarsson


Ómar Ingbórsson